

Nd.

496. Breytingartillögur

[12. mál]

við frv. til áfengislaga og brtt. á þskj. 489.

Frá Pétri Ottesen.

1. Við 4. gr. Í stað síðasta másl. 3. málsgr. kemur: Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum á fyrstu afgreiðsluhöfn, en aldrei má selja, gefa eða flytja í land af þeim forða. Allt slíkt óinnsiglað áfengi skal greinilega merkt tollyfirvöldum.
2. Við 6. gr. Seinni málsgr. orðast svo:

Landhelgi samkvæmt þessum lögum skal vera hið friðlýsta svæði innan línu sem dregin er 4 sjómílur utan við linur þær, sem ákveðnar eru í reglugerð nr. 21 1952, um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.
3. Við 11. gr. 2. tölul. fellur niður.
4. Við 12. gr. Greinin fellur niður.
5. Við 13. gr. Fyrri málsgr. orðast svo:

Áfengisverzlun ríkisins og útsölur hennar mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu.
6. Við 14. gr. Síðari málsgr. orðast svo:

Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma, þegar sérstaklega stendur á og áfengisvarnanefnd á staðnum mælir með. Áfengisverzlun ríkisins getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra. Ekki frestar málskot framkvæmd lokunarinnar.
7. Við 15. gr. 1. málsgr. orðast svo:

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu áfengis samkvæmt þessum kafla.
8. Við 18. gr. Upphaf greinarinnar orðast svo:

Með þeirri undantekningu, sem í 10. og 11. gr. segir, skal öllum óheimilt að selja o. s. frv.
9. Við 20. gr. Greinin orðast svo:

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum þeim stöðum, þar sem veitingar fara fram. Sama gildir og um félagsherbergi.
10. Við brtt. 489,8.a. Fyrir orðin „greiðist úr ríkissjóði“ í niðurlagi greinarinnar kemur: greiðist úr áfengisvarnasjóði.
11. Við brtt. 489,8.b. Fyrir orðið „ofnautn“ í 2. másl. 1. málsgr. kemur: neyzlu.
12. Við brtt. 489,9. Fyrir orðin „greiðist úr ríkissjóði“ í síðasta másl. fyrri málsgr. kemur: greiðist úr áfengisvarnasjóði.
13. Á eftir 28. gr. koma þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - a. Stofna skal áfengisvarnasjóð. Er hlutverk hans að standa straum af kostnaði við áfengisvarnir, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu. Skulu í hann renna árlega 4% af hagnaði Áfengisverzlunar ríkisins.

Áfengisvarnaráð fer með stjórn og reikningshald sjóðsins.
Nánari fyriræli um áfengisvarnasjóð skulu sett í reglugerð.
 - b. Úr áfengisvarnasjóði skal greiða Stórstúku Íslands árlega 500 þús. kr. til bindindisstarfsemi og til bindindisfélaga í skólum 50 þús. kr. á ári í sama skyni.
 - c. Á næstu 10 árum skal árlega leggja til hliðar 6% af hreinum ágóða Áfengisverzlunar ríkisins.

Skal helmingi þeirrar upphæðar varið til byggingar drykkjumannahæla og lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa og elliheimila eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálaráðherra.
Einum sjötta hluta upphæðarinnar skal varið til húsbýgginga fyrir bindindis- og hjálparstarfsemi á vegum Góðtemplarareglunnar, þar af helmingi til byggingar í Reykjavík.
Afganginn skal lána til byggingar félagsheimila og gistihúsa. Veitir menntamálaráðherra lánin að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs. Lánin eru vaxtalaus, og ákveður menntamálaráðherra lánstíma.